

Viðhaldsáætlun og endurbætur á gangstéttum og lýsingu





Inngangur

Á 300. fundi sveitarstjórnar var skipulags- og umhverfisnefnd falið að vinna mat á gangstígum og lýsingu í sveitarfélaginu ásamt kostnaðar- og framkvæmdaráætlun. Skipulags- og umhverfisnefnd fól embætti skipulagsfulltrúa og framkvæmdarsviði að vinna heildstætt að málinu ásamt starfsönnum áhaldahúss.

Óskað var eftir ábendingum frá íbúum og nemendum Hvolsskóla ásamt mati á hverri götu fyrir sig. Við skoðun á gangstígum og lýsingu komu ýmsar ábendingar sem fylgja hér með.

Stuðst var við handbókina *Hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra* sem gefin var út 2019 af Verkís fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg. Handbókina má finna í fylgiskjali 5.

Verkefnið er unnið af Guðrúnu Björk Benediksdóttur, umhverfis- og garðyrkjustjóra og Þóru Björg Ragnarsdóttur, aðstoðarmanni skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra.

Innihald

Inngangur.....	2
Innihald.....	2
Markmið	3
Mat á gangstígum	3
Mat á lýsingu	5
Framkvæmdar- og kostnaðaráætlun	5
Samantekt	6
Fylgiskjöl	6
Heimildarskrá	7



Markmið

Mat á göngustígum, gangbrautum og lýsingu hófst um miðjan september 2022 og lauk um mánaðarmótin nóvember/desember sama ár. Áherslur voru lagðar á bætt aðgengi fyrir alla, að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og mynda samfellda leiðir frá upphafi til enda.

Fylgiskjal 1 er vinnuskjal þar sem ítarlega er farið yfir það viðhald og þær framkvæmdir sem talið er að þurfi að eiga sér stað í nánustu framtíð. Hér fyrir neðan er stiklað á stóru en vonandi gefur umfjöllunin heildarmynd á stöðu gangstíga, kantsteina og lýsingu í þéttbýlinu.

Áhersla er lögð á opinber svæði sem ætluð eru almenningi og aðgengi sé því gott fyrir alla. Sveitarfélög hafa heimild til að setja sínar eigin reglur hvað varðar samgöngur en mið er tekið af áður nefndri handbók.

Mat á gangstígum

Góður göngustígur

Göngustígar eiga að vera það breiðir að manneskja í hjólastól nái að snúa við á stígum og að hægt er að mæta sem dæmi tveimur barnavögnum. Til þess að flestir komist ferða sinna er mælt með að breidd göngustíga sé að lágmarki 2 m en mælt er með breiðara þversniði þar sem hægt er. Til viðmiðunar þarf hjólastóll 1,8 m snúningspláss.

Ljósastaurar, ruslatunnur, brunnar og önnur götugögn þarf líka að huga vel að og tryggja að slíkt sé ekki á miðjum gangstíg.

Hæðarmunur takmarkar aðgengi en yfirborð göngustígs þarf að vera slétt en ekki sleipt, sem dæmi í rigningu þegar bleyta og laufblöð safnast saman á yfirborðið. Rampar við mannvirki eða niðurtekt frá akrein að gangstíg eiga að vera með 5% halla eða minni og kantur við brún undir 2 cm. Í byggingarreglugerð er talað um að flái við niðurtektir við gangbrautir megi vera allt að 10% en ef hann er brattari hindrar það aðgengi fyrir t.d. hjólastóla og barnavagna. Æskileg breidd niðurtektar er 1,5 m breiður flötur og mikilvægt er að „lendingarsvæði“ sé í sömu hæð við gangstíg. Mikilvægt er að leggja hellur með leiðarlínum. Hellur með rifluðum línunum sem sjónskertir nema með staf sínum og leiðbeinir þeim þar sem leiðir skilja.

Hvíldarþekkir bæta einnig aðgengi en á stórum útisvæðum er æskilegt að þeir séu staðsettir með 100 m millibili í íbúðarbyggð en á 20-50 m bili við þjónustusvæði.

Fjölga þarf gangbrautum yfir akreinar við Nýbýlaveg, Öldubakka og Þjóðveginn. Í handbókinni er að finna góðar leiðbeiningar við gerð gangbrauta þar sem ítarlega er farið yfir hvernig gangbraut og gangstígur mætast. Þar kemur eftirfarandi fram „*Gangbrautir ættu að vera staðsettar þannig að þær myndi eðlilegt og rökrétt framhald af gangstíg/gangstétt. Þar sem kantsteinn er við gangbraut ætti að taka hann niður með niðurtekt eða hækka gangabraut upp í sömu hæð.*“

Við úttektina kom í ljós að yfirfara þarf flestar niðurtektir sem mynda óeðlilega þverun yfir akreinar. Við Njálsgærði er dæmi um óeðlilega þverun, vegfarandi þarf að taka sveig til að komast aftur upp á gangstíginn.



Í fylgiskjali 1 er að finna ítarlegar athugasemdir og útskýringar frá skipulags- og byggingarembætti sveitarfélagsins ásamt íbúum og nemendum Hvolsskóla.

Hér fyrir neðan er samantekt úr fylgiskjali 1:

Hlíðarvegur	Fyrri hluti gangstígs er breiður og góður. Frá Hlíðarvegi 32 og að Hvolströð er slæmt aðgengi, gangstígur ekki til staðar að hluta og þveranir skerða aðgengi.
Ormsvöllur	Kantsteinn víða illa farinn og þarf að laga. Gangstíg vantar við Ormsvöll 2-8, 7-13 og 10-14. Færa þarf ljósastaura um 0,5 - 1 meter.
Dufpaksbraut	Kantsteinn er víða illa farinn, of hár við þveranir fyrir hjól og vegfarendur með göngugrind eða hjólastóla. Göngustígurinn er í góðu ásigkomulagi almennt en endurskoða þarf ljósgjafa.
Austurvegur	Ástand er aðkallandi en málið er í ferli. Aðgengi er hættulegt fyrir gangandi vegfarendur sem sækja verslun frá íbúðarbyggð yfir Austurveg.
Vallarbraut	Miklar framkvæmdir eru á svæðinu og endanlegt útlit ófrágengið.
Túngata	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur.
Hvolsvegur	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur við íbúahluta götunnar. Við gangbraut er engin niðurtekt og hindrar það aðgengi. Bæta þarf lýsingu meðfram Hvolnum svo gangandi vegfarendur verði sýnilegri.
Nýbýlavegur	Ástand er aðkallandi og núverandi ástand er hættulegt gangandi vegfarendum. Lagt er til að farið verði í deiliskipulag fyrir Nýbýlaveg með áherslu á göngustíga og þveranir.
Stóragerði	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur. Bæta þarf lýsingu.
Litlagerði	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur. Bæta þarf lýsingu.
Öldugerði	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur.
Norðurgarður	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur.
Króktún	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur.
Hvolstún	Misræmi er á milli lóðablaða og gildandi deiliskipulags, sem veldur því að gangstígar mynda ekki samfelda heild. Víða þarf að bæta úr aðgengi. Leggjum til að farið verði í endurhönnun á gangstígum, þverunum og lýsingu.
Gilsbakki	Gangbrautir eru illa merktar. Kantsteinn þarfnast viðhalds og endurhugsa þarf umferðareyju við Gilsbakka 29.
Dalsbakki	Minniháttar viðhald við hellulögn við dvalarheimilið. Gangstígur ekki nógu breiður og aðgengi er ábótavant. Kantsteinn þarfnast viðhalds.
Sólbakki	Gangstígur er breiður og góður. Kantsteinn er að mestu metinn í lagi. Þverun yfir Sólbakka þarfnast minniháttar endurbóta. Legg til að tengja gangstíg við dvalarheimilið.
Gunnarsgerði	Gangstígur og lýsing er góð og án athugasemda. Meta hvort eigi að mála fyrir bílastæðum.
Njálsgerði	Gangstígur og kantsteinn er metinn ónýtur.



Græn svæði	Leggjum til að farið verði í hönnun á græna svæðinu sem fer í gegnum þéttbýlið. Lagt er til að innleiða hjólreiðastíga inn á svæðið. Í gegnum miðbæjartúnið vantar lýsingu meðfram göngustíg.
Annað	Útbúa þarf lóðarblöð fyrir allar lóðir í þéttbýlinu svo enginn vafi er á hvar lóðamörk liggja, hvort umhirða og viðhald sé á lóðarhafa eða sveitarfélaginu. Vinnan er að hluta til farin af stað. Taka þarf afstöðu til einstakra dæma þar sem villistígar hafa myndast, t.d. milli Nýbýlavegs 26 og 34.

Skilgreining á forgangsflokkun í fylgiskjali 1 er:

1. Hættulegt
2. Getur stafað að hættu
3. Lítil áhætta

Mat á lýsingu

Góð lýsing

Lýsing á að upplýsa umhverfi með öryggi og aðgengi vegfarenda að leiðarljósi. Röng staðsetning og ófullnægjandi lýsing gefur villandi og skert öryggi gangandi vegfarenda.

Við göngustíga, tröppur, gangbrautir og aðra staði er mælt með að lýsing sé að lágmarki 50 lúx. Lýsing þarf að henta sjónskertum svo hægt sé að greina mismunandi fleti.

Heilt yfir er sveitarfélagið metið ágætlega upplýst. Staðsetning ljósastaura þarf að endurhugsa á þó nokkrum stöðum og skipta út fyrir sterkari ljósgjafa í elsta hluta sveitarfélagsins.

Við göngustíga á opnum grænum svæðum eru ljósgjafar daufir eða ekki til staðar. Lagt er til að auka lýsingu við íbúagötur og við græn svæði. Lýsingu vantar þegar reiðstígar mæta göngustígum og akreinum og er þá erfitt að greina reiðmenn á reiðstígum.

Framkvæmdar- og kostnaðaráætlun

Framkvæmdaáætlunin er skipt í tíu liði þar sem götum Hvolsvallar er raðað upp í svæði. Lagt er til að viðhald og framkvæmdir verða unnar samkvæmt fylgiskjali 2 en horfa þarf á hvert svæði sem eina heild.

Fundið var meðalverð á fullbúinni gangstétt, með kantsteini og áætlaðri jarðvegsvinnu, hvort sem það er viðgerð, endurnýjun eða ný gangstétt gerð. Upphæðin er því aðeins til viðmiðunar en ítarlegri framkvæmdar- og kostnaðaráætlun verður að eiga sér stað áður en farið verður í framkvæmdir.

Vitað er að lagnir í eldri byggð Hvolsvallar eru komnar til ára sinna og því upplagt að skoða framkvæmdir með það í huga.



Samantekt

Huga þarf að gangstígum bæjarins svo að gangandi vegfarendur upplifi sig örugga þegar þeir fara þar um. Staðir sem settir eru í forgang eru svæði þar sem börn og íbúar fara um til að sækja skóla, frístundir og almenna þjónustu.

Ein leið til að tryggja gott öryggi er að hafa einsleita hönnun á gangstígum og gangbrautum, það auðveldar aðgengi fyrir alla. Í eldri byggð sveitarfélagsins er skipulagið gott en göngustígar þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í dag.

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að mynda samfellda leiðir frá upphafi til enda en gangstígar og tengingar á Hvolsvelli þurfa talsverða betrun. Með því að fara í endurhönnun á þessum málaflokki er hægt að vinna á vandanum og er lagt til að hún fari af stað sem fyrst.

Mikil uppbygging er í sveitarfélaginu og margir boltar á lofti. Það er jákvætt fyrir samfélagið og samhliða því góður tími til að betrubæta samgöngur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, meðan byggðin er ekki stærri. Með framþróuninni er leitast við að ásýnd og aðgengi verði til fyrirmyndar jafnt íbúum sem gestum.

Framkvæmdar- og kostnaðar áætlun er til að gefa mynd á kostnað við þær framkvæmdir sem þurfa að eiga sér stað. Í fylgiskjali 2 er að finna samantekt fyrir forgangsflokkun 1 sem metinn eru aðkallandi og lagt er til að farið verði í þau sem fyrst. Þættirnir eru átta talsins og eru með tilviljunarkennda uppröðun.

Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1 – Vinnuskjal: Yfirlit og athugasemdir.
- Fylgiskjal 2 – Framkvæmdar- og kostnaðaráætlun.
- Fylgiskjal 3 – Kort merkt með athugasemdum.
- Fylgiskjal 4 – Yfirlit yfir gangstíga sveitarfélagsins með athugasemdum.
- Fylgiskjal 5 – *Hönnun fyrir alla, algild hönnun utandyra*. Leiðbeiningar unnar af Verkís fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina.



Heimildarskrá

Verkís verkfræðistofa (2019). Reykjavík. 2019.

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/\\$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20\(ID%20103788\).pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/honnun_f_alla_algid_honnun/$file/H%C3%B6nnun_fyrir_alla_Algild_h%C3%B6nnun_utandyra_Handb%C3%B3k%20(ID%20103788).pdf)

Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun, „Byggingarreglugerð 112/2012“, Mannvirkjastofnun, Reykjavík, Ísland, 2018.

Alþingi, 123/2010 Skipulagslög. Ísland, 2017.